



Fjármálaáætlun – Alþingi gerir engar breytingar

Engar breytingar frá upphaflegri tillögu

Nú hafa komið fram álit þingnefnda um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem var lögð fram í byrjun apríl. Ekki eru lagðar fram neinar tillögur um breytingar frá upphaflegri þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar og því verður fjárlagfrumvarp næsta árs byggt á þeim ramma sem nú liggur fyrir.

Við höfum [áður sagt](#) að í fjármálastefnunni sem samþykkt var fyrr í vetur hafi greinilega verið reynt að sigla einhvers konar meðalveg á milli annars vegar mikilla krafna um aukin útgjöld og bólginna kosningaloforða og hins vegar afkomu opinberra fjármála sem svarar kalli laganna um opinber fjármál og kröfu styrkrar hagstjórnar í landinu.


Mikil umfjöllun um framsetningu

Mikil umfjöllun er um framsetningu og aðferðafræði í álitum þingnefnda. Samkvæmt lögum gaf Fjármálaráð ítarlega umsögn um tillöguna að fjármálastefnu sem bæði beindust að umgjörð og framsetningu, en einnig að efnahagslegu innihaldi tillagnanna og afleiðinga þeirra á hagstjórn. Þingnefndirnar hafa valið að fjalla fyrst og fremst um umgjörð og framsetningu, t.d. að tölugrunnur tillagna hafi verið rýr, og er það auðvitað vel. Þannig segir meirihluti fjárlaganefndar að hann geri ekki breytingartillögur við sjálfa þingsályktunina. Engu síður séu ýmsir þættir sem betur megi fara.

Þessi staða sýnir hins vegar að löggjafarsamkoman telur sig bundna af tillögum ríkisstjórnar að fjárlagastefnu. Staðan hefur einmitt verið sú allt frá því að byrjað var að nota þennan nýja ramma fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.


Ýmsar tillögur í þessum efnnum eru til mikilla bóta, t.d. um að sérgreina fjárfestingu meira í öllum tillögum um útgjöld. Þá er bent á að hentugt gæti verið að birta dæmi og sviðsmyndir sem sýni hversu viðkvæm áætlunin sé fyrir óvæntum breytingum, t.d. minni hagvexti en reiknað hafi verið með.

Heildarafkoma hins opinbera - hlutfall af VLF




Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023

Afkoma ríkissjóðs



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023

Þróun tekna og gjalda ríkissjóðs



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023



Markmið um afkomu

Afkomuregla laga um opinber fjármál kveður á um að heildarjöfnuður hins opinbera yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og að árlegur halli á heildarjöfnuði verði aldrei meiri en 2,5% af VLF.

Reiknað er með því að heildarafkoma hins opinbera verði jákvæð um minnst 1,4% af VLF á árinu 2018, 1,2% árið 2019 og 1% af VLF árin 2021 og 2022. Þessi þróun er því innan marka afkomureglunnar.

Veruleg aukning útgjalda

Fjármálaráð hefur nú tvívegis bent á að ríkisstjórnin stefni að útgjaldaaukningu sem eigi sér ekki hliðstæðu á síðustu áratugum. Útgjaldaaukningin er beinlínis stefna ríkisstjórnarinnar og miklar kröfur eru uppi um slíka stefnu. Afstaða Fjármálaráðs hefur verið að jafnvel þótt stjórnvöld viðhaldi aðhaldsstigi við þensluaðstæður ætti aukning útgjalda jafnan að kalla á frekari tekjuöflun eða niðurskurð á öðrum útgjöldum, eða blöndu af hvoru tveggja. Sé ekkert af þessu gert af hálfu stjórnvalda eru þau, að öðru óbreyttu, í rauninni að velta ábyrgð hagstjórnar meira yfir á Seðlabankann og stjórn peningamála.


Í nefndaráli meirihluta fjárlaganefndar kemur fram að nýjar ákvarðanir leiði til 78 ma.kr. hækkunar útgjalda á tímabilinu 2018-2023 umfram það sem fyrirliggjandi skuldbindingar, lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Meirihluti fjárlagaefndar segist taka að miklu leyti undir ábendingar Fjármálaráðs og hafi fylgt þeim eftir gagnvart fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Í þessu sambandi virðist það ekki skipta nokkru máli að fjárveitingarvaldið liggur hjá Alþingi, þingið er algerlega bundið af tillögum og stefnu ríkisstjórnar. Fjárlaganefnd virðist hafa tekið sér það hlutverk að miðla upplýsingum milli Fjármálaráðs og ráðuneytis.

Alltaf á byrjunarreit


Þetta er þriðja fjármálaáætlunin sem hefur verið lögð fram frá því lögum um opinber fjármál tóku gildi. Vegna þess hve ný lögum eru og vegna tíðra ríkisstjórnarskipta hefur engin fjármálastefna gilt út það tímabil sem þingsályktun þeirra mælti fyrir um og lögum gera ráð fyrir. Þar að auki hefur engin fjármálaáætlun á öðru ári fjármálastefnu verið lögð

Stærstu málefnasvið ríkissjóðs 2023




Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023

Mesta aukning útgjalda ríkissjóðs 2017-2023



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023

Stærstu málefnasvið ríkissjóðs Heildarútgjöld 2017-2023



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023



fram. Þær fjármálaáætlanir sem við höfum séð hafa verið á byrjunarreit tímabils fjármálastefnu. Því hefur ekki reynt á þanþol stefnunnar og vaxandi óvissu sem væntanlega mun einkenna seinni hluta tímabils fjármálastefnu.

Langtímasýn og stefnufesta

Það vekur óneitanlega athygli hversu lítið áherslur í fjármálum hins opinbera hafa breyst á undanförunum árum, þrátt fyrir breytta samsetningu ríkisstjórna. Kúrsinn virðist nokkuð fastur og stjórnámálamenn virðast almennt sammála um stóru myndina í fjármálum hins opinbera. Mismunandi áherslur koma því fram innan þess ramma sem menn eru sammála um að nota.

Þessi fasti rammi opinberra fjármála er mikil framför, stefnufestan er meiri og sama má segja um nauðsynlegan fyrirsjáanleika.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.